

# Bekkjarnámskrá 10. bekkjar veturinn 2024 - 2025

**Umsjónarkennarar:** Jóhanna Ása Einarsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

**Stuðningsfulltrúi:** Elva Jóhanna Jóhannsdóttir

## Námstilhögun og

**kennsluáætlanir:** Í tíunda bekk eru 33 nemendur. Kennt er í stofum 217 og 218. Tveir kennarar eru með hópnum í öllum greinum og einn stuðningsfulltrúi þar að auki. Kennt verður að mestu í efnislotum, þar sem ákveðin þemu verða tekin fyrir af miklum krafti í stuttan tíma og mikil áhersla lögð á sjálfstæði og samvinnu.

**Námsmat:** Símat í öllum námsgreinum.

Ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár og notuð til þess umsagnar, fimm tákn (framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð) og/eða einkunnir á námsmatskvarðanum A, B+, B, C+, C, D. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

## Danska

Kennslustundir eru 4 á viku

### Kennarar:

Íris Ösp Heiðrúnardóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

### Markmið:

- Að auka færni nemenda í að skilja mælt og ritað mál og að tjá sig á málinu bæði munnlega og skriflega.
- Að gefa nemendum innsýn í siði, venjur og daglegt líf þeirra er tala dönsku.
- Að auka orðaforða, skilning og færni sem nýtist í framhaldsnámi og daglegu lífi.
- Að nemendur séu meðvitaðir um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.

### Námsefni:

Ekko lesbók og vinnubók A. Smásögur úr ýmsum áttum. Lesbækur og verkefni, þemaverkefni. Hringekja (ýmis verkefni), ýmsar danskar myndir og þættir. Sagnapróf og kannanir.

**Námsmat:** Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, svo sem þemaverkefni og hringekjuverkefni, sagnapróf, kaflapróf og kannanir.

Íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og lífsleikni

## ÞOTA – Þemanám og tilraunakennd alvara

Kennslustundir eru 11 á viku

**Kennarar:** Jóhanna Ása Einarsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

**Markmið:** Að nemendur nái góðu valdi á notkun íslensku og öðlist skilning á gildi hennar. Að þeir geti lesið almenna texta með góðum skilningi og séu færir um að koma hugmyndum sínum þekkingu og leikni á framfæri á viðeigandi hátt bæði munnlega og skriflega. Að nemendur þekki helstu bókmenntahugtök og fái að kynnst og nota íslenskuna á fjölbreyttan hátt.

Nemendur eiga að vinna með margskonar gögn, túlka ólíkar heimildir og nota margvísleg gögn og tækni til að kynnst og ígrunda víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, sögu, trúar og lífsviðhorfa, og samhengi nærsamfélags, sjálfbærrar þróunar og hnattvæðingar.

Nemendur eiga að læra ríkulegan orðaforða sem tengist námsefni unglingsstigsins og geta notað hann í ræðu og riti. Auk þess eiga nemendur að þjálfast í hópvinnumögðum og sjálfsábyrgð og taka markvisst aukna ábyrgð á námsframvindu sinni.

### Námsþættir:

Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir og komið inn á þau frá fjölbreyttum sjónarhornum:

Lífsleikni

Ljóstíllíf og bruni

Menning og samfélag

Af hverju erum við svona?

Lífið og lestur

Rafmagn, orka og afl

Þemaþema

Gaman saman

Samspilið í náttúrunni

Jólaþota

Gíslasaga

Kalt stríð, hvað er nú það?

Áhrif okkar á umhverfið

Mannréttindi

Árshátíðarpema

Ljóð og laglínur

Heimildaritgerð

Útskriftarstúss

**Námsefni:** Maður og náttúra, Eðlisfræði 2, Frelsi og velferð, Á ferð um samfélagið, Akam, ég og Annika, Gíslasaga, Málið í mark; óbeygjanleg orð, Hugfinnur, Bragfræði ásamt ýmsu efni frá kennurum.

**Námsmat:** Hvert þema er metið samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

## Stærðfræði

Kennslustundir eru 6 á viku

### Kennarar:

Jón Hálfván Pétursson, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Berglind Árnadóttir.

### Markmið:

Að nemendur:

- hafi vald á helstu þáttum stærðfræðinnar. Talnavinnu, rúmfræði, prósentum og algebru.
- þekki, skilji og geti notað þau hugtök sem unnið er með hverju sinni og að þau gagnist þeim í daglegu lífi.
- fái heildarinnisýn í heim stærðfræðinnar.

### Námsefni:

Skali 3A - grunnbók og æfingabók

Skali 3B - grunnbók og æfingabók

Almenn stærðfræði 3

Átta-tíu 4

Átta-tíu 5

Átta-tíu 6

Ýmis verkefni afhent í gegnum Google Classroom

**Námsmat:** Símat (verkefni og kaflapróf) og lokapróf

## Enska

Kennslustundir eru 4 á viku

### Kennarar:

Salome Elín Ingólfssdóttir og Sara Rós Sigurðardóttir

### Markmið:

- Að auka færni nemenda í að skilja mælt mál og ritað og tjá sig á því, bæði munnlega og skriflega. Áhersla er lögð á aukna þekkingu í málfræði og aukinn orðaforða.
- Að gefa nemendum innsýn í menningu og siði enskumælandi þjóða.
- Að nemandi sé meðvitaður um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.

### Námsefni:

Spotlight 10, lesbók og vinnubók, valbækur til lestrar. World Wide English og ýmislegt lesefni og myndbönd er varða efnið sem farið er í. Ýmis þemaverkefni. Námsefni frá kennurum þegar svo ber undir.

**Námsmat:** Símat: verkefni, skyndipróf og lesin próf, vinnubrögð, vinnubók. Lokapróf að vori.

## Lífsleikni

Kennslustund er ein á viku í stundaskrá nemenda. Kennsla fer fram í þeim kennslustundum að hluta til auk þess sem lífsleiknilotur eru teknar yfir skólaárið í POTU sem veldur því að ekki er unnið sérstaklega í lífsleikni í öllum vikum.

### Kennarar:

Salome Elín Ingólfssdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

## Íþróttir

Kennslustundir eru tvær á viku

### Kennarar:

Árni Heiðar Ívarsson og Lillý Viðarsdóttir.

**Markmið:** Að efla líkamsþroska og heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

**Námstilhögun og kennsluáðstæður:** Árganginum í leikfimi, einu sinni í viku tvo tíma í senn.

**Námsmat:** Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

## Útivist

Kennslustund er ein á viku

### Kennarar:

Jóhanna Ása Einarsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

### Markmið:

- Að auka útiveru nemenda yfir daginn
- Að vekja áhuga nemenda á útivist

## Áhugasvið

Áhugasvið Kennslustundir eru 2 á viku

**Kennarar:** Salome Elín Ingólfssdóttir, Bergþóra Sveinsdóttir, Kjartan, Jón Heimir Hreinsson og Sólveig

**Markmið:** Að efla frumkvæði, sjálfsstæði og ábyrgð nemenda.

**Námstilhögun:** Nemendur í 9. og 10. bekk vinna saman eða einstaklingslega að verkefnum út frá þeirra áhugasviði með aðstoð og leiðsögn kennara. Sérstök áhersla er lögð á skapandi hugsun og frumlegar útfærslur. Námsgreinin er í mótun í höndum nemenda og kennara.

**Námsmat:** Símat samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Valgreinar

Námsgreinar nemenda í 10. bekk munu skiptast í tvennt, kjarnagreinar og frjálst val.

Kjarnagreinar samstanda af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

Frjálst val eru þær greinar sem nemandi velur af valblaði og þarf hver nemandi að skila sjö stundum á viku í vali sem getur orðið þannig að þær eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem sumar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ísl	stæ	ens	dan	nát	sam	lífs	íþr	sund	samtals	val	samtals
6	6	4	4	3	2	1	3	0	29	8	37

Nemendur geta fengið fullt nám við tónlistarskóla og íþróttáþjálfun metna sem tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Aðeins er hægt að fá hvort metið einu sinni þó verið sé að læra á fleiri hljóðfæri eða æfa fleiri en eina íþrótt.

Upplýsingar um námsgreinar í boði er hægt að finna á heimasíðu skólans

[https://grisa.isafjordur.is/ymis\\_skjol/skra/502/](https://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/502/)